

GJALDSKRÁ
fyrir hundahald í Sveitarféluginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.

1. gr.

Af hundum í Sveitarféluginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 10.500
Skráningargjald eftir útrunnin frest	kr. 14.000
Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.	
Bráðabirgðaskráning	kr. 5.250
Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.	

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 11.000
-------------	------------

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr. 25.000
Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsómum	kr. 12.500

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppledri viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunahrundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

Nr. 1114

30. desember 2009

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness 29. desember 2009, bæjarstjórn Garðabæjar 3. desember 2009, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 8. desember 2009 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 17. desember 2009, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1295/2007 fyrir hundahald í Sveitarféluginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.

Garðabæ, 30. desember 2009.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2010